

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (forgangsraforka), 541. mál**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds þingmáls, á þingskjali 635. FA fékk ekki umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd en lætur sig málið varða, þar sem það er brýnt hagsmunamál umbjóðenda félagsins.

Ákvæðum þeim, sem þessu frumvarpi er ætlað að bæta við raforkulögin, hefur verið líkt við neyðarhemil sem Orkustofnun geti gripið í. Frumvarpið er nauðsynlegt vegna þess sem ekki er hægt að kalla annað en neyðarástand í orkumálum þjóðarinnar. Félag atvinnurekenda hefur bent á það á undanförunum misserum, ásamt fjölmörgum öðrum aðilum í atvinnulífinu, að ekki sé nóg gert til að virkja hina grænu orku sem Íslendingar eiga í ríkum mæli og að með því sé vegið að orkuöryggi atvinnulífsins. Þá sé full ástæða til þess að skoða tengingar íslenska orkukerfisins við kerfi annarra Evrópuríkja með sæstreng, sem þátt í að tryggja orkuöryggi. Í greinargerð frumvarps þessa er bent á þá sérstöðu íslenska raforkukerfisins að það er lokað, en flest önnur Evrópuríki eiga þann kost að flytja inn raforku.

Nú er svo komið að umframeftirspurn er eftir raforku og ekki til orka til nýrra verkefna í atvinnuuppbyggingu. Bág staða miðlunarlóna, sem vísað er til í frumvarpinu, er ekki stóra málið hér, heldur að Ísland, sem eitt sinn var í fararbroddi, er að dragast aftur úr nágrannaríkjunum í nýframkvæmdum við virkjun grænnar, endurnýjanlegrar orku. Þetta er staða sem er allsendis óviðunandi fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag, ekki sízt í ljósi áforma um orkuskipti og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

FA er almennt ekki þess hvetjandi að opinberir aðilar grípi inn í gangverk markaðarins en í þessum efnum er nauðsynlegt að setja í lög tímabundna heimild til að forgangsraða orku til heimila og smærri fyrirtækja og tryggja þannig orkuöryggi þeirra.

Slík heimild getur þó aldrei orðið annað en tímabundin og er skammgóður vermir. Til lengri tíma þarf að virkja fallvötn, jarðhita og vind til að bæta úr orkuskorti og mæta þörfum íslensks samfélags fyrir hreina og endurnýjanlega orku. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að orkuöryggi þjóðarinnar sé margþætt langtímaverkefni og að á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sé unnið að lagabreytingum sem hafi þann tilgang að tryggja orkuöryggi almennings.

FA hvetur nefndina til að veita slíkum lagabreytingum brautargengi og leggja sitt af mörkum m.a. til að endurskoða regluverk leyfisveitinga vegna virkjana til einföldunar þannig að hraða megi því að orkufyrirtæki geti nýtt hina hreinu orku landsins. Þótt verkefnið sé sagt til langs tíma er ekki mikill tími til stefnu, ef tryggja á orkuöryggi til framtíðar. Að mati FA stendur þingið frammi fyrir því verkefni að setja nokkurs konar neyðarlög, sem flýta leyfisveitingum vegna tiltekinna virkjanakosta í nýtingarflokki rammaáætlunar, eigi ekki illa að fara.

Félagið leyfir sér að benda á tvískinnunginn í málflutningi þeirra sem tala fyrir grænni atvinnuuppbyggingu og orkuskiptum en hafa um leið allan fyrirvara á nýjum virkjanakostum og vilja hafa leyfisveitingaferlið sem þyngst og flóknast.

Félagið mælir eindregið með því að frumvarp þetta verði að lögum. FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við málið á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með nefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA